

# Sáttamiðlun

## leið að úrlausn viðskiptaágreinings




**Félag löggiltra endurskoðenda  
kynning 5. mars 2008**

- Flestir leysa sjálfir ágreining sem upp kemur í viðskiptasamböndum.
  - **Dómstólar.**
  - **Gerðardómur.**
  - **Sáttamiðlun, mediation, Alternative Dispute Resolution.**
- =
- Valkostur við úrlausn ágreinings með aðstoð sáttamanns



- Sáttamiðlun felst í því að óhlutdrægur **sáttamaður** aðstoðar deiluaðila, tvo eða fleiri, með kerfisbundnum hætti við að ná samkomulagi um ágreiningsmál, sem samningsaðilar telja hagkvæma.
  - samningsgerð með liðveislu ... an assisted negotiation



### Tilkynningar

23.4.2007

Tilkynning Dómstólaráðs nr. 2/2007  
Sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum



DÓMSTÓLARÁÐ

1. gr.

Héraðsdómari getur ákveðið að fram fari sáttamiðlun samkvæmt þeim reglum

Við ákvörðun um hvort sáttamiðlun skuli reynd skal litið til afstöðu málsaðila til sættir takist í máli. Jafnframt skal litið til fyrri sáttaumleitana í málinu og aðstöð fram gegn vilja málsaðila.

2. gr.

Einungis þeir héraðsdómarar sem lokið hafa námskeiði í sáttamiðlun leita sátt þessum.

Sá dómari sem fær máli úthlutað skal leita satta í máli samkvæmt reglum þess að leita satta í málinu. Um hæfi sáttamiðlara til að leita satta fer eftir 5. gr. laga uppi kröfu um að sáttamiðlari viki sæti vegna vanhæfis skal dómstjóri láta anr

3. gr.



## Sáttamiðlun

Proposal for a directive on certain aspects of mediation in civil and commercial matters.

Brussels, 22/10-2004, COM (2004) 718 final, 2004/0251 (COD)

Article 2 – Definitions

For the purpose of this Directive, the following definitions shall apply:

(a) “Mediation” shall mean any process, however named or referred to, where two or more parties to a dispute are assisted by a third party to reach an agreement on the settlement of the dispute, and regardless of whether the process is initiated by the parties, suggested or ordered by a court or prescribed by the national law of a Member State.

It shall not include attempts made by the judge to settle a dispute within the course of judicial proceedings concerning that dispute.

(b) “Mediator” shall mean any third party conducting a mediation, regardless of the denomination or profession of that third party in the Member State concerned and of the way the third party has been appointed or requested to conduct the mediation.

Pga det retlige forbehold, vil dette direktiv, hvis/når det bliver vedtaget, ikke være gældende i Danmark.



### Hvert er hlutverk sáttamanna ?


- Sáttamenn eru hlutlausir gagnvart aðilum og gæta að jafnræði þeirra í samræðum.
- **Sáttamenn leiða umræðu stjórnna viðræðum aðila og leggja áherslur á lausnir deilu fremur en vandamál sem eru fyrir hendi.**
- Beina umræðum til framtíðar. Með spurninga- og samræðutækni aðstoða þeir aðila við að vega og meta hugsanlegar lausnir og eru þannig einskonar meðhjálpunarar við lausn ágreiningsins.

### ■ Áður en sáttamiðlun hefst tekur sáttamaður afstöðu til þess

- Hverjir hafa samningsumboðið ?
- **Hvernig skal samskiptum háttað varðandi fundarboð, o.fl.**
- Á ágreiningurinn erindi í sáttamiðlun ?
- **Hæfi sáttamanns**
- Hverjir verða á sáttafundunum. Aðilar. Lögmenn aðila. Samskipti við aðra sérfræðinga.
- **Hvaða upplýsingar eru nauðsynlegar um málið áður en sáttamiðlun hefst. Fyrir sáttamann/aðila.**
- Hvernig skal afla þeirra vitneskju, gögn o.s.frv.
- **Skipulag verksins / sáttamiðlunarinnar.**

# 1. áfangi

- Sáttamiðlun fer fram í skilgreindum áföngum:
  - Kynning á sáttamanni, hlutverki hans, aðilum og ágreiningsefninu.
  - **Sáttamaður gerir í byrjun grein fyrir þeim meginreglum sem gilda um sáttamiðlun, m.a. um trúnað, að aðilar taka þátt af fúsum og fjálsum vilja og að sáttamaður stjórnir umræðum.**
  - Þær reglur eru tilgreindar í samningi, sem aðilar undirrita, ásamt sáttamanni.
  - **Sáttamaður leitar eftir samþykki aðila fyrir því að hefja sáttamiðlun þeirra á milli.**



- Í öllum tilvikum fara samræður fram ýmist á sameiginlegum fundi aðila og sáttamanns og einkafundum.
- **Leikreglurnar eru skýrðar í upphafi, aðilar þurfa að hafa svigrúm til að tjá sig, þeir þurfa að hlusta, sáttamaður örvar samræðurnar, leiðir fram tillögur að lausn ágreiningsatriða, leitar samþykkis aðila fyrir að bera fram tillögur, spyr spurninga, gerir samantektir.**
- Heldur lífi í samskiptum aðila. Kefisbundin vinnubrögð, sem sáttamaður hefur lært.

# 2. áfangi

- Deiluaðilar gera grein fyrir ágreiningnum og afstöðu sinni til hans. Hvor aðili gerir grein fyrir sínum viðhorfum, hagsmunum, þörfum, tilfinningum, etc.
  
- Sáttamaður örvar samræður aðila.
  - Hver er hinn raunverulegi ágreiningur, staðreyndir
  - **Hagsmunir og þarfir aðila.**
  - Tilfinningar
  - **Hvernig horfa málin við frá sjónarhóli hins**
  - Spurningar, samantekt, önnur möguleg viðhorf, skilningur, svigrúm

# 3. áfangi

- **Afmörkun ágreinings:**
  - **Aðilar skilgreina með atbeina sáttamanns þau ágreiningsefni sem eru uppi.**
  - **Skilgreining, flokkun, skýringargögn, upptalning, skráning atvika.**

## 4. áfangi

## Sáttamiðlun

- **Hverjar eru hugsanlegar úrlausnir ágreiningsefna:**  
Aðilar og sáttamaður leita allra hugsanlegra og mögulegra úrlausna á ágreiningsefninu, án þess að mat sé lagt á þær eða afstaða tekin til þeirra.

## “Hugarflug”



## 4. áfangi

- **Valkostirnir**
- Aðilar vega og meta einstakar tillögur að úrlausnum og velja þær tillögur sem þeir telja koma til greina sem grundvöll að sameiginlegri niðurstöðu.
- **Skoðað er til enda hverjar afleiðingar hvernar tillögu eru ef þær eru fleiri en ein til skoðunar.**

## 5. áfangi

- ❑ **Frágangur samnings – allir hnútar leystir**
- ❑ **Samningaviðræður fara fram um þær tillögur og hugmyndir sem fram hafa komið og þannig er unnið að samkomulagi.**
- ❑ Afstaða er tekin til þess hver viðbrögð verði ef samkomulagið er vanefnt og hvort / hvernig samkomulagið skal kynnt út á við.
- ❑ **Aðilar skrá ásamt sáttamanni meginatriðin, sem eru grundvöllur samnings þeirra á milli og undirrita**
- ❑ **Aðilar ráðfæra sig áður við lögmenn sína eða lögmenn aðila ganga endanlega frá samningnum.**




# Sáttamiðlun

- Tilgangur sáttamiðlunar er að hvetja deiluaðila til að ná samkomulagi á eigin forsendum.
- **Báðir eða allir deiluaðilar þurfa að hafa áhuga á að leysa ákveðinn ágreining.**
- Erlendis er þessi valkostur að skila mestum árangri á sviði viðskipta og í fjölskyldumálum.
- **Í málum þar sem aðilar hafa hagsmuni af góðum framtíðarsamskiptum sín á milli.**



- Aðilar vilja forða því að eyðileggja mikilvæg persónuleg og viðskiptaleg sambönd sín.
- **Í sáttamiðlun geta aðilar horft út yfir hið þrönga deiluefni og skoðað það frá fleiri sjónarhornum og ef vill dregið inn í lausnina atriði, sem dómstólar gætu ekki gert.  
Ódýrari og skjótvirkari leið en málarekstur.**
- Markmiðið er að tryggja viðskiptalífinu og einstaklingum skilvirka úrlausn ágreiningsmála, á sem skemmstum tíma þannig að aðilar geti átt vinsamleg samskipti að þeim loknum og hafi þá varið sem minnstum fjármunum í ágreininginn.
- **Hraði niðurstöðu getur verið hagsmunamál.**
- Ágreiningur kemst ekki í háþæli, orðspor fyrirtækis, viðskiptaleyndarmál.

- Ágreiningur í félögum milli rekstraraðila, stjórnenda, eigenda.
- **Viðskiptasamningar - Verksamningar - Efndir og uppgjör**
- Peningakröfur - markaður - skuldbindingar
- **Fjölskyldufyrirtæki – kaup og sala, erfðir**
- Starfslokasamningar - starfsmannamál
- **Þóknun – ágreiningur um sérfræðivinnu**
- Höfundarréttur, einkaleyfi, framleiðsla
- **Orsök ágreinings er minniháttar misskilningur í upphafi...**
- Mál eru að þróast í farveg dómstóla / gerðardóms.
- **Alþjóðleg viðskipti.**
- Ákvæði um sáttamiðlun í viðskiptasamningum.



## ■ Dómsmál



- Fókus á lögfræði
- **Lögmaðurinn í forgrunni**
- Lögmaðurinn talar
- **Aðilar hlusta**
- Dómari sker úr deilunni

## Sáttamiðlun



**Aðilar í fókus**  
Aðilar tala  
**Aðilar tala og hlusta**  
Aðilar leysa ágreining

- Aðilar geta haft sérfræðinga með sér til ráðgjafar í sáttamiðlun eða verið í sambandi við sérfræðinga.
  - **Lögmenn**
  - Endurskoðendur
  - **Verkfræðingar**
  - Sálfræðingar
  - **Félagsráðgjafar**
- Sáttamenn geta verið **tveir** með mismunandi þekkingu og reynslu.




## Hvers vegna að velja sáttamiðlun fremur en dómsmál?

- Samræður - varanleg lausn deilu.
- **Deiluaðilar bera sjálfir ábyrgð á niðurstöðu málsins.**
- Þegar dómsmál er annars vegar hefur annar aðilinn betur,- hann vinnur málið með dómi og hinn tapar málinu,- en hvorugur ræður niðurstöðu málsins.



## Sáttamiðlun

- Reynslan er sú að ágreiningsefni á sviði viðskipta leysist oft á einum sáttafundi, 4 – 8 klst.
- **Málefni sem tengjast fjölskyldumálum þarfnast frekar styttri en fleiri funda, þannig að hver fundur er ca. 1 ½ klst.**



# Mediation in the shadow of the law.

Háð reglum, annars vegar siðareglum og hins vegar um hvernig sáttamiðlun fer fram, námskeið.



# Siðareglur sáttamanna


## Sáttamiðlun

- Engin lög gilda um sáttamiðlun, sbr. réttarfarsreglurnar sem dómstólar vinna eftir. Engar lagareglur gilda heldur um sáttamiðlun fyrir dómi í einkamálum, sbr. reglur Dómstóalráðs nr. 2/2007.
- **Gæta þarf að því að sáttamenn hafi lokið viðurkenndu námi í sáttamiðlun.**
- Samningur er grundvöllur sáttamiðlunar.
- **Verklags- og siðareglur þurfa að vera skýrar. Siðareglur Sáttar, félag sáttamanna hefur sett félagsmönnum.**
- Sáttalögmenntu eru félagsmenntu í Lögmannafélagi Íslands og eru bundir siðareglum þess félags og starfa skv. lögum um lögmenntu nr. 77/1998.

## Sáttamiðlun er komin til að vera í nágrannalöndunum.

- Áherslan á mannlega þáttinn. Það er mikilvægt að samskipti aðila eftir að niðurstöðu er náð í ágreiningsmáli geti verið friðsamleg.
- **Áframhaldandi viðskiptasambönd og fjölskyldusambönd.**
- **Bil beggja**
- **Að ógleymdum atriðum eins og fækkun dómsmála, sparnaður, o.s.frv.**





## Sáttamiðlun



Ásdís J. Rafnar, hrl.,  
sáttalögmaður

Sonja M. Hreiðarsdóttir, hdl.,  
sáttalögmaður